

**STJÓRNARFUNDUR GAUKSMÝRI
MÁNUDAGINN 18. JANÚAR 2010 KL 13:30.**

Mánudaginn 18. janúar kom stjórn SSNV saman til fundar á Gauksmýri. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Páll Dagbjartsson boðaði forföll. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið og Hermann Einarsson var í símasambandi undir þeim lið. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun sat fundinn undir 2. Lið og einnig starfsmenn SSNV atvinnuþróunar þau Katrín María Andrésdóttir, Stefán Haraldsson, Gudrun Kloes og Baldur Valgeirsson.

Formaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnaði.

1. SSNV- málefni fatlaðra

- a. Fundargerð þjónustuhóps frá 11.12.2009.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar.

Vegna 6 liðar er stjórn jákvæð fyrir að skoða nánar aðkomu að þróun grósku sem altæks upplýsingakerfis félagsþjónustu sveitarfélagana á Norðurlandi vestra. Verkefnisstjóra falið að vinna áfram að málinu.

- b. Leigusamningur vegna húsanna Kleifatúns 17-21 og 23-25 á Sauðárkróki.** Lögð fram drög að leigusamningi milli SSNV málefna fatlaðra og Proskahjálpar vegna búsetu í Kleifatúni 17-21 og 23-25 sem SSNV hyggst endurleigja til umbjóðenda sinna skv. ákvæðum 4. gr reglugerðar nr. 296/2002 um búsetu fatlaðra. Leiguverð er 7,02% af stofnkostnaði hússins eða kr. 962.947 á mánuði og er leiguverð bundið þróun vísitölu neysluverðs frá október 2009 (353,6 stig).

Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

- c. Stækkun þjónustusvæðis í Fjallabyggð – staða mála** Verkefnisstjóri kynnti stöðu mála varðandi stækkun starfssvæðis byggðasamlagsins til Ólafsfjarðar. Fyrir liggur vilji Félags og tryggingamálaráðuneytisins um gerð viðaukasamnings við núverandi þjónustusamning ráðuneytisins og SSNV málefni fatlaðra. Horft er til þess að viðaukasamningur vegna þjónustu í Ólafsfirði verði til eins árs þ.e. frá 1.janúar – 31.desember 2010. Verkefnisstjóri kynnti hugmyndir að verklagi vegna gerðar viðaukasamningsins. Framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra falið að vinna málið áfram.

- d. Önnur mál.**

1. **Nýtt skipurit SSNV málefna fatlaðra.** Fram lögð drög að nýju skipuriti SSNV málefna fatlaðra (Byggðasamlagsins) Stjórn samþykkir skipuritið.

2. SSNV

- a. Endurnýjun þjónustusamnings vegna kerfisleigu.** Lögð fram drög að samningi við Tengil ehf vegna kerfisleigu fyrir SSNV. Um er að ræða endurnýjun samnings frá 2005. Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

- b. Fundarboð nefndar um nýjar leiðir í sameiningu sveitarfélaga.** Framkvæmdastjóri skýrði frá samtölum við starfsmann nefndar Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra um leiðir til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Nefndin

hefur hafið fundað um landið og hyggst funda með sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi vestra miðvikudaginn 27. janúar 2010. Lögð fram drög að fundarboði en fundurinn er samstarfsverkefni Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og SSNV. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

- c. **Menningarsamningur – staða mála.** Framkvæmdastjóri skýrð frá samskiptum við Mennta og menningarmálaráðuneytið vegna endurnýjunar á Menningarsamningi Norðurlands vestra. Ráðgert er að drög að nýjum samningi verði send næstu daga. Umræður umurði um áherslur í nýjum samningi, Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með Menningarráði Norðurlands vestra þegar ný drög liggja fyrir.

3. Fundargerðir

- a. **Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 11. desember 2009.** Lögð fram til kynningar.

4. SSNV atvinnuþróun

- a. **Starfsáætlun 2010 og önnur málefni atvinnuþróunar – atvinnuráðgjafar sitja fundinn undir þessum lið.** Lögð fram drög að starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar 2010. Stjórn samþykkir áætlunina. Kynntar voru upplýsingar atvinnuráðgjafa vegna starfseminnar á árinu 2009. Fram kom að atvinnuráðgjafar komu að 106 verkefnum á árinu og meðalvinnustundafjöldi bak við hvert verkefni var 25,5 klst. Umræður urðu um einstaka verkefni og starfið framundan. Framkvæmdastjóri hyggst eiga fundi með sveitarfélögnum á næstu vikum þar sem starfsemi SSNV atvinnuþróunar verður kynnt.

- b. **Sóknaráætlun landshluta – staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir efni sem tengist gerð Sóknaráætlunar landshluta en ráðgert er að halda vinnufund með hagsmunaaðilum og íbúum á Norðurlandi vestra laugardaginn 13. febrúar á Sauðárkróki. Framkvæmdastjóri kynnti fyrirkomulag vinnustofunnar en framkvæmd hennar í samstarfsverkefni SSNV og stýrihóps um gerð Sóknaráætlunar fyrir Ísland 20/20.

5. Önnur mál.

- a. Formaður sagði frá samtölum við forsvarsmenn Bæjarhrepps en Bæjarhreppur hefur óskað eftir að tilheyra Norðurlandi vestra vegna gerðar Sóknaráætlunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:00.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.